



Samskipti við Vegagerð vegna hafnargerðar

Tölvupóstur 25.02.2025

Sæll Þorri,

Meðfylgjandi er kostnaðaráætlun vegna byggingar harðviðarbryggju á Þórshöfn.

Við erum búin að athuga með burðarþol staura og bryggju og liggja fyrir helstu stærði fyrir harðviður.

Kostnaðarmunnur vegna efniskaupa harðviður vs. furu er um 74 m³ vs 97 m³ þar sem furu er um 8 m.kr. ódýrari en er með helming styttra líftíma, þannig það er ekki spurning um að fara í harðviður.

Kostnað í bryggjusmiði af harðviði vs. furu er frekar litill. Í áætlun er gert ráð fyrir vatn, rafmagn og lýsingu á bryggju.

Kostnað vegna mögulegt leiðrétting á núverandi bryggjustaurar er ekki innifalið í áætlun. Hægt er að lækka kostnað um 4-5 m.kr. með að nota dekkjabybbur frekar en DD fenders, en þarf meira viðhald og borga DD fender sig til baka eftir 10-15 ár þegar skipta þarf út keðjum og dekk í þybbum.

Varðandi efniskaup í harðviði þá liggja alla stærðir fyrir en þarf að klára hönnunarteikningar til að fá alla lengdir og fjöldi. Efniskaup tekur oft 4-6 mánuðum en gæti verið eitthvað til á lager hjá helstu framleiðanda. Svo má athuga hvað er til að harðviði hjá öðrum hafnir á landinu.

Þið skoða þetta og segja til hvað næsta skref verður.

Kv Rob

Sælir báðir

Við gætum lagt í undirbúning á næsta ári kr. 70 mill og framkvæmdir 2027 kr. 171 mill að því gefnu að Vegagerðin samþykki sitt framlag. Við getum ekkert gert án þeirra samþykkis. VG greiðir 60% eða kr. 144 mill en við kr. 97 mill (42 á næsta ári og 102 á árinu 2027)

Hafnarlög 2003 nr. 61 27. mars

Gr. 23

c. Nýframkvæmd við bryggjagerð, skjólgerð, aðrar brimvarnir og dýpkun í innsiglingu og innan hafnar, enn fremur stofnkostnað við hafnsögubáta á stöðum þar sem aðstæður í höfn og nágrenni hennar kalla á slíkt öryggistæki og innsiglingarmerki, svo og löndunarkrana og hafnarvogir. Greiðsluþátttaka ríkissjóðs skal vera allt að 60%. Heimild þessi tekur ekki til framkvæmda í þágu einstakra fyrirtækja þar sem gerður er sérstakur afnotasamningur til lengri tíma.

Kv
Björn



Tölvupóstur 20.02.2025

Sæll Valtýr

Nýtt deiliskipulag hefur verið samþykkt fyrir höfnina með nýrri aðkomu um nýjan veg „Bryggjuveg“.

Vegagerðin veitti leyfi fyrir breytingunni þar sem ný aðkoma er mun öruggari og betri. Það þýðir að aðkoman um Eyrarveg verður takmörkuð við aðkomu að lögreglustöð og fyrir bílastæði sem fyrirhuguð eru neðan Fjarðarveggar 2 fyrir stóra bíla, húsbíla og húsvagna.

Sveitarfélagið er í samningaviðræðum við Björgunarsveitina Hafliða um kaup á Fjarðarvegi 4, fjarlægja það hús til að rýmka fyrir nýrri aðkomu og gera hana enn betri.

Nú verður þetta aðal- og eina aðkoman að höfninni, c.a. 160 m að trébryggju sem fyrirhuguð er í framhaldinu af veginum.

Spurningin er; hvað takið þið mikinn þátt í gerð þessarar nýju aðkomu?

Kv. Björn

Sæll

Ég reikna með að Rúna og/eða Gunnar á Norðursvæði Vegagerðarinnar svari ykkur á næstu dögum.

Bestu kveðjur, Valtýr



Valtýr Þórisson

forstöðumaður áætlanadeildar
Head of Transportation Planning

valtyr.thorisson@vegagerdin.is
[+354 522 1024](tel:+3545221024)
[+354 860 5603](tel:+3548605603)

Vegagerðin
Icelandic Road and
Coastal Administration

Suðurhraun 3, 210 Garðabær
vegagerdin.is

Tölvupóstur 31.01.2025

Sælir Heimir og Fannar

Ég veit ekki hvort meðfylgjandi á erindi til ykkar beggja en þið komið því þá í réttar hendur.

Í fjármálaáætlun 2024-2038 er gert ráð fyrir eftirfarandi skv. meðfylgjandi síðu úr fjármálaáætluninni:

1. Þórshöfn: Endurbýgging Hafskipabryggju, trébryggju, kostnaður 80 mill – fjárveiting 48,4 mill á árinu 2025 (Hluttur ríkissjóðs 75%??) (harðviður 25 m ?? - 3 m dýpi).
2. Þórshöfn: Brimvarnargarður endurbýgging 50 mill á árinu 2025 fjárveiting 34,3 (Hluttur ríkissjóðs 85% ??) Þessi endurbýgging kostaði ekki meira en 5 m.kr. ef ég skil rétt um hvaða framkvæmd er að ræða.

Sveitarfélagið Langanesbyggð
Hafnarnefnd



- A) Svo er það aðkoman að höfninni eftir nýrri leið sem VG er búin að samþykkja sem mun öruggari og betri leið, um 160 m niður að trébryggju.
- B) Uppgjör af þeim framkvæmdum sem við lögðum í á síðasta ári og VG hefur greitt þar 10 m.kr.
- C) Framhald framkvæmda við höfnina, þ.e. aðkoman, bryggjan og svo á næstu 4-5 árum lenging hafnargarðsins.

Gætum við rætt þessi mál á næstunni ÁÐUR en við tölum við Ísfélag um þeirra hlut í ýmsum sameiginlegum kostnaði sem hugsanlega gæti fallið á okkur.

Björn S. Lárusson

Sveitarstjóri

S. 468 1220 & 894 2187

Blessaður Björn

- 1. Um er að ræða harðviðarbryggju sem er í kverkinni við Ísfélagið. Á eftir að senda bréf þess efnis hvort það sé vilji að fara í hana og þá hefja undirbúning á verkinu núna í haust
- 2. Rétt. Kostnaður var langt undir áætlun. Var búinn að ræða við þig að taka saman kostnað við efnisvinnslu Skútabergs að hluta til á þetta verkefni. Þurfum að klára það fljótlega.

- A. Þróunarsvið vegagerðarinnar sér um þessi mál og því tengi ég Valtý hér við í cc.
- B. Uppgjörið hefur átt sér stað við dýpkunarframkvæmdirnar. Mest megnið af dýpkun sneri að efnistöku fyrir landfyllingu en nýttist ekki dýpkun.

Lenging hafnargarðsins er inn á áætlun. Ég bað mitt fólk um að taka saman í skýrslu formlega um rannsóknirnar svo það sé alveg skýrt. Vonandi kemur það fljótlega.
Aðkoman er hjá Valtý.